



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

KVIK1SX02

Bíómyndaáhorf og úrvinnsla

Kennari/kennarar:	Linda Rut Larsen (LRL) linda@fsu.is
-------------------	--

Áfangalýsing:

Nemendur velja sér kvikmyndir sem unnið hafa/verið tilnefndar til virtra verðlauna á sviði kvikmynda. Afla sér upplýsinga um þá mynd sem þeir velja og setja upp sem kynningu. Fyrir áhorf á mynd, sem nemandi valdi, flytur hann sína kynningu og eftir áhorf er myndin metin/rædd út frá nokkrum þáttum s.s. leik aðalleikara og aukaleikara, tónlist, tæknibrellum, handriti o.fl. Nemendur gera örstuttan ritdóm um myndina og gefa henni einkunn og bera saman við IMDB einkunn myndar.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Virtustu verðlaunum sem veitt eru á sviði kvikmynda
- Helstu vefjum á veraldarvef þar sem sækja má fróðleik um myndir
- Að kvikmyndir eru metnar út frá mörgum mismunandi þáttum

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Afla sér fjölbreyttra upplýsinga á veraldarvef um valdar kvikmyndir
- Vinna sjálfstætt að kynningu og mati á kvikmyndum
- Ræða um og meta kvikmyndir á gagnrýnin hátt út frá mismunandi þáttum
- Koma fram fyrir hóp og kynna verkefni sitt
- Bera saman ólíkar kvikmyndir

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tjá sig um innihald kvikmynda og rökstutt skoðun sína
- Að koma fram fyrir hóp og kynna valda mynd
- Gera greinarmun á mismunandi flokkum kvikmynda

Námsefni:

Myndir sem horft er á. Kostur ef nemendur geta komið með sína mynd í skólann.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 3	6. – 23. janúar	<i>Kennsla hefst fim. 8. janúar.</i> Fyrstu ein til tvær kennsluvikurnar fara í að velja mynd og gera kynningar. Ef nemandi nær ekki að klára kynninguna á þessum tíma þarf hann að vinna hana heima eða finna tíma með kennara.	Glærुकynning um mynd
4 - 18	26. janúar – 8. maí	<i>Miðannarmat lokaskil 20.febrúar.</i> <i>Vorfrí 23. – 24. febrúar.</i> <i>Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.</i> <i>Áfangamessa 4. mars</i> <i>Valdagur 11. mars</i> <i>Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.</i> <i>Dimissjón 8. maí</i> Kynningar á myndum, áhorf, umræður, ritdómar.	Ritdómar, flutningur á kynningum.
19	11.-13. maí	<i>Síðasti kennsludagur mið. 13. maí.</i> <i>Námsmatsdagar 15. - 19.maí</i> <i>Sjúkrapróf 20. maí.</i> <i>Brautskráning fös. 29. maí.</i> Uppgjör á áfanga	

Mæta þarf í tíma samkvæmt skólasóknarreglum FSu og eru nemendur hvattir til að kynna sér þær.

Þar sem mest öll vinna í áfanganum fer fram í tíma og almennt er ekki gerð krafa um heimavinnu þarf nemandi sem er með opið vottorð að vera að lágmarki með 50% raunmætingu við lok annar til að standast áfangann.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kynning	Kynning nemanda á mynd sem hann valdi	20%
Flutningur	Flutningur á kynningu fyrir hópinn	5%
Annareinkunn	Undir annareinkunn fellur: - Þátttaka í umræðum um myndir - Nemandi skilar ritdómum um myndir sem horft var á - Nemandinn horfir á allar myndir, líka þær sem hann valdi ekki eða hefur minni áhuga á. - Nemandinn virðir skoðanir annarra og val þeirra á myndum - Nemandi geymir síma svo hann trufla ekki áhorf hjá sér og öðrum	75%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 8. janúar 2026, Linda Rut Larsen